

Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1269

frá 21. apríl 2021

um breytingu á framseldri tilskipun (ESB) 2017/593 að því er varðar samþættingu sjálfbærniþátta í afurðastýringarskyldur

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 12. mgr. 16. gr. og 13. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Umbreytingin yfir í hringrásarhagkerfi sem losar lítið af kolefni, er sjálfbærara og auðlindanýtið, í samræmi við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, er lykilþáttur í að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Sambandið samþykkti Parísarsamninginn árið 2016 ⁽²⁾. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. Parísarsamningsins miða að því að styrkja viðbrögð við loftslagsbreytingum með því, m.a., að láta fjármagnsstreymi samrýmast þróun leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og auka viðnám gegn loftslagsbreytingum.
- 2) Til að bregðast við þessari áskorun lagði framkvæmdastjórnin fram Grænt samkomulag í Evrópu ⁽³⁾ í desember árið 2019. Græna samkomulagið er ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi þar sem nettólosun gróðurhúsalofttegunda verður engin frá árinu 2050 og þar sem hagvöxtur er aftengdur frá nýtingu auðlinda. Þetta markmið krefst þess að fjárfestar fái skýr skila-boð að því er varðar fjárfestingar sínar til að komast hjá því að eignir verði verðlausar og til að virkja sjálfbæra fjármögnun.
- 3) Framkvæmdastjórnin birti í mars 2018 aðgerðaáætlun sína „Fjármögnun sjálfbærs vaxtar“ ⁽⁴⁾ og hratt af stað metnaðarfullri og yfirgripsmikilli áætlun um sjálfbær fjármál. Eitt af markmiðum þessarar aðgerðaáætlunar er að beina fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu til að ná fram sjálfbærum hagvexti fyrir alla.
- 4) Rétt framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar ýtir undir eftirspurn fjárfesta eftir sjálfbærum fjárfestingum. Þess vegna er nauðsynlegt að útskýra nánar að sjálfbærniþættir og sjálfbærnitengd markmið ættu að teljast hluti af kröfunum um afurðastýringu sem settar eru fram í framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593 ⁽⁵⁾.
- 5) Verðbréfafyrirtæki sem framleiða og dreifa fjármálagerningum ættu að taka sjálfbærniþætti til athugunar í afurðasamþykktarferlinu fyrir hvern fjármálagerning og í öðru afurðastýringar- og eftirlitsfyrirkomulagi fyrir hvern fjármálagerning sem ætlunin er að dreifa til viðskiptavina er sækjast eftir fjármálagerningum með sjálfbærnitengt snið.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

⁽³⁾ COM(2019) 640, lokagerð.

⁽⁴⁾ COM(2018) 97 lokagerð.

⁽⁵⁾ Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593 frá 7. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar að vernda fjármálagerninga og fjármuni í eigu viðskiptavina, afurðastjórnunarskyldur og reglurnar sem gilda um veitingu eða móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar peningalegs eða ópeningalegs ávinnings (Stjtið. ESB. L 87, 31.3.2017, bls. 500).

Gerðin er óbirt og gæti tekið smávægilegum breytingum

- 6) Að teknu tilliti til þess að markhópurinn ætti að vera ákvarðaður af nægjanlegri nákvæmni, ætti almenn yfirlýsing um að fjármálagerningur sé með sjálfbærmitengt snið ekki að nægja. Verðbréfafyrirtæki sem framleiða og dreifa fjármálagerningum ættu heldur að tilgreina til hvaða hóps viðskiptavina með sjálfbærmitengd markmið eigi að dreifa fjármálagerningi.
- 7) Til að tryggja að fjármálagerningar með sjálfbærniþáttum séu einnig auðveldlega aðgengilegir viðskiptavinum sem ekki hafa óskir um sjálfbærni, ættu verðbréfafyrirtæki ekki að þurfa að auðkenna viðskiptavinahópa með þarfir, einkenni og markmið sem fjármálagerningur með sjálfbærniþáttum samrýmist ekki.
- 8) Sjálfbærniþættir fjármálagernings ættu að vera settir fram á gagnsæjan hátt til að gera dreifingaraðila kleift að veita viðskiptavinum sínum eða hugsanlegum viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar.
- 9) Því ætti að breyta framseldri tilskipun (ESB) 2017/593 til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri tilskipun (ESB) 2017/593

Framseldri tilskipun (ESB) 2017/593 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við 1. gr.:

„5. „sjálfbærniþættir“: sjálfbærniþættir eins og þeir eru skilgreindir í 24. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).“

- 2) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrstu undirgreinar 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki tilgreini af nægilegri nákvæmni mögulegan markhóp hvers fjármálagernings og tiltaki þá tegund eða tegundir viðskiptavina sem hafa þarfir, eiginleika og markmið, þ.m.t. hvers kyns sjálfbærmitengd markmið, sem fjármálagerningurinn samrýmist. Hluti af þessu ferli er að fyrirtækið tilgreini þann hóp eða þá hópa viðskiptavina sem hafa þarfir, eiginleika og markmið sem fjármálagerningurinn samrýmist ekki, nema þar sem fjármálagerningar taka tillit til sjálfbærniþátta. Starfi fleiri en eitt verðbréfafyrirtæki saman að framleiðslu fjármálagernings þarf aðeins að tilgreina einn markhóp.“

- b) Í stað 11. mgr. kemur eftirfarandi:

„11. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki ákvarði hvort fjármálagerningur uppfylli hinar tilgreindu þarfir, einkenni og markmið markhópsins, þ.m.t. með því að skoða eftirfarandi þætti:

- a) hvort áhætta og ávöxtun fjármálagerningsins séu í samræmi við markhópinn,
- b) hvort sjálfbærniþættir fjármálagerningsins séu í samræmi við markhópinn, þar sem við á,
- c) hvort útfærsla fjármálagerningsins taki mið af þáttum sem viðskiptavinurinn hefur hag af en ekki af viðskiptalíkani sem byggist á slæmri útkomu fyrir viðskiptavinum til að vera arðbært.“

- c) Eftirfarandi önnur undirgrein bætist við 13. mgr.:

„Sjálfbærniþættir fjármálagernings skulu settir fram á gagnsæjan hátt og veita dreifingaraðilum viðeigandi upplýsingar til að taka tilhlýðilegt tillit til sjálfbærmitengdra markmiða viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina.“

Gerðin er óbirt og gæti tekið smávægilegum breytingum

d) Í stað 14. mgr. kemur eftirfarandi:

„14. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki endurskoði reglulega þá fjármálagerninga sem þau framleiða og taki tillit til atburða sem gætu haft veruleg áhrif á mögulega áhættu fyrir skilgreindan markhóp. Verðbréfafyrirtæki skulu meta hvort fjármálagerningurinn sé enn í samræmi við þarfir, eiginleika og markmið, þ.m.t. hvers kyns sjálfbærni-tengd markmið, markhópsins og hvort honum sé dreift til markhópsins, eða hvort hann býðst viðskiptavinum með þarfir, eiginleika og markmið sem fjármálagerningurinn samrýmist ekki.“

3) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki búi yfir fullnægjandi fyrirkomulagi afurðastjórnunar til að tryggja að þær afurðir og þjónusta sem þau hyggjast bjóða eða mæla með séu samrýmanleg þörfum, eiginleikum og markmiðum, þ.m.t. hvers kyns sjálfbærnitengdum markmiðum, tilgreinds markhóps og að fyrirhuguð dreifingarstefna sé í samræmi við tilgreindan markhóp. Verðbréfafyrirtæki skulu greina og meta á viðeigandi hátt aðstæður og þarfir þeirra viðskiptavina sem þau hyggjast leggja áherslu á, til að tryggja að hagsmunum viðskiptavina sé ekki stefnt í hættu vegna viðskiptalegs eða fjármögnunartengds þrýstings. Hluti af þessu ferli er að verðbréfafyrirtækin tilgreini þann hóp viðskiptavina sem hefur þarfir, eiginleika og markmið sem afurðin eða þjónustan samrýmist ekki, nema þar sem fjármálagerningar taka tillit til sjálfbærniþátta.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki endurskoði fjárfestingarafurðirnar sem þau bjóða eða mæla með, og þá þjónustu sem þau bjóða, reglulega og taki þá tillit til allra atburða sem gætu haft efnisleg áhrif á mögulega áhættu fyrir skilgreindan markhóp. Fyrirtæki skulu a.m.k. meta hvort afurðin eða þjónustan samræmist enn þörfum, eiginleikum og markmiðum, þ.m.t. hvers kyns sjálfbærnitengdum markmiðum, skilgreinds markhóps og hvort fyrirhuguð dreifingarátætlun sé enn viðeigandi. Fyrirtæki skulu endurskoða markhópinn og/eða uppfæra fyrirkomulag afurðastjórnunar ef þau verða þess vör að þau hafi skilgreint markhóp tiltekinnar afurðar eða þjónustu á rangan hátt eða að afurðin eða þjónustan mæti ekki lengur aðstæðum skilgreinds markhóps, s.s. ef afurðin verður illseljanleg eða flóktir mikið vegna markaðsbreytinga.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. ágúst 2022. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 22. nóvember 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Gerðin er óbirt og gæti tekið smávægilegum breytingum

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
